

Markmið:

Nemendur fá þekkingu í grunnþáttum leirmótunar. Hún felst í því að kynnst tækni og meðferð til sköpunar í leirlist út frá eigin hugmyndum. Áhersla er á að nemendur læri að skilja ferli hönnunar með því að nota skissubók til að teikna hugmyndir og framkvæma síðan sem lokaafurð í leir. Yfirfærsla úr tvívídd í þrívítt verk.

Nemendur læri: Einfaldar aðferðir við að handmóta nytjahluti / fígúrir í leir, kynnist mismunandi skreytiaðferðum og hvernig hægt er að nýta sér efnivið úr náttúrunni í leirvinnsluna.

Nemendur eru hvattir til að skoða sitt nánasta umhverfi út frá notagildi hluta sem við notum dags daglega. Þar verður fjallað um hvaðan þeir koma og hvernig við getum verið umhverfisvænni með sjálfbærni í huga.

Nemendur kynnst uppruna leirs sem nýtist í nytja- og listmuni. Innsýn verður veitt í menningar- og listasögu sem snýr að leirmótun. Áherslan verður á að kynna fyrir nemendum íslenskan leir sem tengist því að vinna með sjálfbærni og náttúruvísindi.

Nemendur læri að bera virðingu fyrir sköpun annarra samnemenda og öðlast skilning á mismunandi menningu í nemendahópnum.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Fjölbreyttir kennsluhættir; sýnikennsla, nemendamiðað nám, samvinnunám, útinám, þverfaglegt nám, skapandi vinnuaðferðir

Námsmat:

Námsmat fer fram í Mentor.is þar sem lögð eru fyrir ákveðin matsviðmið úr Aðalnámskrá. Kennari metur og skráir inn færni nemenda í hverjum þætti fyrir sig.

Nemandi tekur þátt í tímum og vinnur verkefni sem lagt er fyrir.

Nemandi sýnir sjálfstæð vinnubrögð.

Nemandi sýnir góða umgengni.

Metið er skráð með lita kvarða þar sem:

Blátt merkir = framúrskarandi

Grænt merkir = hæfni náð

Gult merkir = á góðri leið

Rautt merkir = hæfni náð

Námsgögn:

Leirmótun - verkefni fyrir alla, kennsluefni og verkefni frá kennara.